

## AUGLÝSING

64

11. júní

um breyting á samþykkt um lokunartíma sölubúða á Ísafirði frá 7. ágúst 1930.

1. gr.

2. gr. samþykktarinnar hljóði svo:

Alla virka daga ársins skal öllum sölubúðum og sölustöðum lokað eigi síðar en kl. 6 síðdegis og þær eigi opnaðar aftur fyrr en kl. 8½ árdegis næsta virkan dag. Frá þessu eru þó þær undantekningar er hér greinir:

- a. Aðfangadag jóla og gamlárskvöld skal sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 4 síðd.
- b. Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að halda sölubúðum opnum til kl. 10 að kvöldi.
- c. Á tímabilinu frá 15. maí til 14. júlí skal á laugardögum loka sölubúðum og sölustöðum kl. 4 síðdegis, og frá 15. júlí til 14. september skal loka kl. 1 á laugardögum. Á öllu tímabilinu frá 15. maí til 14. september má vera opið til kl. 8 á föstudagskvöldum.
- d. Loka skal öllum sölubúðum og sölustöðum þar á meðal brauðbúðum á fridegi verzlunarmanna, en mjólkurbúðir mega þá vera opnar eins og á hátíðisdögum.

2. gr.

4. gr. samþykktarinnar hljóði svo:

Sölubúðir þær, sem eingöngu verzla með brauð, kökur, mjólk, rjóma og skyr, má hafa opnar sem hér segir:

Alla almenna virka daga, sem engin undantekningarákvæði eru um, í samþykkt þessari, til kl. 7 síðd.

Á tímabilinu frá 15. júní til 31. ágúst skal á laugardögum loka eigi síðar en kl. 4 síðdegis.

Almenna helgidaga og aðra fridaga samkvæmt reglugerð þessari mega búðir þessar vera opnar frá kl. 10 árdegis til kl. 3 síðdegis.

Á hátíðum mega búðir þessar vera opnar frá kl. 10 til 11 árdegis.

3. gr.

8. gr. samþykktarinnar hljóði svo:

Menn sem komnir eru inn í sölubúðir fyrir lokunartíma er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

Matvæli til skipa sem eru að leggja úr höfn, er heimilt að afgreiða eftir lokunartíma.

Vinnu við innheimtu, útsendingu á vörum og bréfum, skal lokið eigi síðar en einni klst. eftir lokunartíma sölubúða.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 17. 1. febr. 1936, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 11. júní 1937.*

F. h. r.

Vigfús Einarsson.

*Gunnl. E. Briem.*